Nokkrar iðgjaldategundir gætu verið hjá sama sjóðnum, þó oftast sé hún einungis ein og iðgjaldategundarsvæðið þá **autt** = aðaltegund iðgjaldasjóðsins.

RSK innheimta er með iðgjaldategund RSK og þarf að setja upp sér

Innheimtusjóðsdeildartegund fyrir hverja iðgjaldasjóðsdeild sem iðgjöld frá RSK innheimtu gætu farið á skv.

lðgjaldastýringum. Einnig er algengt að lífeyrisgreiðslur séreignar úr

Lífeyrisgreiðslukerfi séu merktar sér iðgjaldategund og iðgjaldaflutninga lyklum, til að auðvelda utanumhald.

Það fer eftir sjóðsdeild hvaða reikningslykla þarf að skilgreina, t.d. er lykill á mótframlag óþarfur hjá stéttarfélagi, en hjá sjúkra- og

orlofssjóðum væri sá lykill settur inn en lykli fyrir iðgjald sjóðfélagans sleppt. Þó þarf að setja lykil í öll svæði og því er ágætt að vera með 'núll' lykil fyrir þau svæði sem ekki hafa hlutverk hjá iðgjaldasjóðsdeildinni.

Eðlilegt er að nota sömu bókhaldslykla hér og notaðir eru í fjárhags-bókhaldinu.

Sjóðstreymislyklarnir eru í sér flipa og er smellt á flipann til að komast í þá.

🛞 INNHEIMTU	JSJÓÐSDEIL	DARTEC	UND - I	L999	_ 🗆 🔀
8 🗸 🗶 🔸 🕨	💡 😏 +	🖻 👷			
Innheimtuaðili	L999 💽	Lifeyrissjó	iður til pru	ıfu 🔳	
lðgj.sjóðsdeild	L999	🚡 Lífeyri	ssjóður ti	l prufu 💽	
lðgjaldategund	•			Ŧ	
	📃 Lokað				
Fjárhagsreiknir	ngar Sjóðs	treymisreil	kningar		
Sióðstrevmis	bókhaldsreik	ningar ski	laoreina		
Greidd iðgjö	ld sjóðfélaga	7005		lðgjöld: lðgjöld sameinuð	Ŧ
Gr. mótframla	ag launagr.	9001		lðgjöld: Mótframlög launagr.	
Gr. vanskilav	rextir	9120	Ē	Tekjur: Vanskilavextir iðgjald	Ē
Gr. vextir		7005	•	lðgjöld: lðgjöld sameinuð	Ŧ
Gr. kostnaðu	r	7005		lðgjöld: lðgjöld sameinuð	
Sióðstrevmis	hókhaldsreik	ningar iðg	ialdaflutn	inca	
Mótt iðgjöld	sióðfélaga:	9020	Juluuluu	lðgiöld: Mótteknir iðgialdaflu	Ŧ
Mótt. mótfran	nlag Ingr	9020	Ŧ	lðgjöld: Mótteknir iðgjaldaflu	
Mótt. vextir/v	erðbætur	9025	•	lðgjöld: Mótt vextir/verðb.flu	
Mótt þátt í fra	mreikn	9025		lðgjöld: Mótt vextir/verðb.flu	
Mótt. óendur	kræfiðgjöld:	9026		lðgjöld: Mótt. framreikn.	æ
Send. iðgj. sj	óðfélaga	9030	Ŧ	lðgjöld: Sendir iðgjaldaflutn.	æ
Send. mótfra	mlag Ingr	9030		lðgjöld: Sendir iðgjaldaflutn.	
Send. vextir/	verðbætur	9035		lðgjöld: Sent vextir/verðb.flu	
Send. þátt.í fi	ramreikn	9035	Ŧ	lðgjöld: Sent vextir/verðb.flu	æ
Send. óendu	ırkræfiðgjöld	9036	•	lðgjöld: Sendur framrkn.	

Innheimtusjóðsdeildir

Hér eru þær sjóðsdeildir sem innheimtuaðilinn innheimtir fyrir tengdar innheimtuaðilanum.

Eink	Heiti	Lok	^	
E002	Endurmenntun aukafél.			
F002	Stéttarfélag til prufu			
F002EG	Stéttarfélag til prufu, til egr			
3002	Allir sjóðir stéttarf. til prufu			
L001	Dummy-sjóður blönduð rétt.áv.			
L001A	Dummy-sj. aldurst.d.			
L001G	Dummv-sióður			4
Innheimtus	jóðsdeild - L001 (TEST á BACKUP 12 INSTANCE)	-		
🖌 🖌	) 💡 🚱 + 🗃 👗 💷 😒			
innheimtuað	ili: L001 Dummy-sjóður			

Innheimtusjóðir

Hér eru innheimtusjóðirnir tengdir innheimtuaðilanum.

Hér er hægt að tilgreina

vanskilavaxtaaðferð og gjalddaga skilagreina, ef sjóðurinn á að meðhöndlast á annan hátt en skilgreint er hjá innheimtuaðila.

Þá er hægt að skilgreina lágmarks upphæð sem þarf til

oph: 1.00	1 Dummy-sióður						
Sjóður	Nafn sjóðs	Áætl.frá	Áætl.til	Áætl.tímabil	Krefja sjf.samn	Lok	
E002	Endurmenntun aukafél.						
002	Stéttarfélag til prufu						
002	Allir sjóðir stéttarf. til prufu			nnnnnnnnnn			
.001	Dummy-sjóður						
0002	Orlofssjóður til prufu						
5002	Sjúkrasjóður til prufu						
001	Dummy-tilg.s.						
1996	Vátryggingafélag Íslands hf						
(001	Dummy-sjóður séreign						

að skipta skuld, ásamt forgangi sjóðsins við ráðstöfun greiðslna, ef þörf er á að hafa þessar stýringar á annan veg en hjá innheimtuaðilanum.

Einnig er möguleiki á sér stýringum fyrir áætlunartímabil og mánuði, hvort horfa eigi á eldri iðgjaldasögu launagreiðanda en tilgreind er í áætlunartímabili frá (vinnur saman), skilgreiningu á iðgjaldasundurliðun sem stýringin ætti við um – Óháð = öll iðgjöld, Bara framlag, eða Bara mótframlag.

Stýrt eftir uppruna iðgjaldanna – Óháð = öll iðgjöld, Bara skráð iðgjöld, eða Bara sjálfvirkur flutningur samkvæmt samningum. Jafnframt því sem hægt er að láta áætlunina vera háða áætlun í annan sjóð.

Einnig er hægt að festa inn kröfu um að sjóðfélagi sé með sjóðfélagasamning:

**Nei** = ekki krafa um samning – á við um flesta sjóði,

Já = sjóðfélagi verður að vera með samning,

Já, m/stýringu = samningurinn verður að innihalda stýringu iðgjalda,

Já, m/framl.stýr. = samningurinn
verður að innihalda stýringu vegna
framlags sjóðfélagans,

🔮 Innheimtusjóður - L	001 (TEST á BACKUP 12 INSTANCE)	-		$\times$
🖌 🔺 🕨 🖇	S + 🗃 👗 🔲 😒			
Innheimtuaðili: Iðgjaldasjóður:	L001 🖡 Dummy-sjóður X001 🖡 Dummy-sjóður séreign 📑			
Vanskilavaxtaaðf: Gjalddagar skg: Lágm.vb.skipt: Ráðst.forgangur:	0         0           -1         0			
<ul> <li>Aætlunarstynngar Áætlunartímabil:</li> <li>M.v. eldra sögu:</li> <li>Iðgj.sundurliðun:</li> <li>Uppruni iðgjalda:</li> <li>Háð áætl.í sjóð:</li> </ul>	Aztlunarmán:	OND		
Krefja sjf.samn:	Nei V Ekki reik	kna viðb	ótargj	ald
Skráð síðast:	□ Lokað  1 Lokað  1 2020-09-28 00:00:00.000			IVR

Já, m/mótfr.stýr. = samningurinn verður að innihalda stýringu vegna mótframlags. Hám.mism.iðgj: Fyrir lífeyrissjóði og séreignarsjóði er algengt að vera með á bilin 10 til 20 kr. til að afrúnningarskekkjur mótframlags séu innan marka þannig að skilagreinar með minniháttar skekkjur lendi ekki á villu. Iðgjaldasjóðsdeildir

Hér eru ýmsar stýringar settar inn á iðgjaldasjóðsdeildirnar, svo sem grunnlaunatafla, leyfa iðgjaldaskráningu, dreifing iðgjalda, skráning daga o.fl.

firstofn: L'															
Eink	Heiti		R.tafla	A.tafla	Gumbr	Ulfeyristegundir	viêm	Maka	Skgr	Með dr	Án dr	Skr.d	S.frkn	R/U	Lok
			NEYG+	LCCOT1		Eff. Ones Made	1. I	$\checkmark$	V	1		1			
	Lsj. '	, 67 ára	NEYG+	LCOT1		E67 . M	LC 1	~		1		4			
68	Lsj.	., 68 ára	NEYG+	L 0T1		E11168.M .	L -	~		~		1			
	L85.	13, 69 ára	NEYG+	L OT1		E1.369.M1	Los a	~		1		1			
	Lsj. '.	geymd réttind	GSAL	L. JG		E. G. M		~		~		1			
JGMA	1.85.1	maka geymd	GSAL	L.1 G		E				1		~			
SMAR	LSL	r.bc.maka	NEYG+	KR		ET.				1			1	R/	

Heiti og stuttheiti sem tilgreind eru hér koma fram í útskriftum.

## Réttindastýringar:

 Réttindatafla: hér er sett inn sú grunnlaunatafla/ vísitöluaðferð sem réttindi reiknast

 eftir.

 Hámarks- lágmarksréttindi: vegna orlofspunkta hjá stéttarfélögum.

Hámarks- lágmarksréttindi: vegna orlofspunkta hjá stéttarfélögum. Hámarksuppfylling: vegna útreiknings orlofspunkta t.d. sjómanna, settur er inn fjöldi mánaða sem iðgjöld má vanta fyrir innan ársins þannig að punktar reiknist fyrir alla mánuði.

Grunnverðtrygging: valið um hvort verðtrygging er reiknuð á mánaðargrunni, ársgrunni eða ekki.

**Uppreikna til**: val um dagsgildi eða meðalgildi s.l. 12 mánuði.

Aukastafir í verðtryggingu: hér er tilgreindur fjöldi aukastafa í

verðtryggingu, t.d. 3 í stigakerfi.

Aldurstafla: ef um aldurstengdan sjóð er að ræða, er aldurstaflan sett inn hér.

Aldursútreikningur: valið um hvort aldursútreikningur er á mánaðargrunni, ársgrunni eða eigi ekki við.

**Rkn.sundurl.iðgj:** autt = réttindi reiknast á iðgjald í heild, 'Framl.sjf.' = réttindi reiknast af framlagi sjóðfélaga.

**Gildisumbreyting:** ef reikna á endurmenntunarréttindi eftir iðgjaldi til sjóðsins, er sett inn sú tafla sem inniheldur forsendur útreikningsins.

**Uppbótartafla:** Ef sjóðurinn er með uppbót á iðgjöld, er uppbótartaflan tilgreind hér. **Líeyristegundir:** ef um sameignarsjóð er að ræða er hér settar inn þær

lífeyristegundir (elli, örorku og maka) í lígeyrisgreiðslukerfi sem réttindi í deildinni reiknast út frá.

Deilistuðull: deilistuðull lífeyristegundanna er settur inn hér.

Hér er jafnframt skilgreint hvort skrá megi skilagreinar beint á sjóðsdeildina, hvort iðgjöldin séu með dreifingu, hvort leyfa eigi skráningu daga (hjá sjómönnum), hvort iðgjöldin séu öll til endurgreiðslu (v/hámarks-/lágmarksaldurs, tilgreind séreign til annara vörsluaðila), hvort sleppa eigi iðgjöldum sjóðsdeildarinnar í framreikningi (réttindabreyting, uppbótariðgjöld), hvort leyfa eigi mínus iðgjöld í mánuði og hvort banna eigi iðgjöld. Þá er einnig val um hvort deildin er Uppbótartegund eða Réttindabr.deild.

Hægt er að setja inn lýsingu á sjóðsdeildinni, t.d. að hún sé eingöngu notuð við réttindabreytingar.

L999GS		Sjóður: L999			
Leið 1					
: SAL stig					
ti: SAL stiga	útreikningur				
stýringar	Viðmiðunarstýringar	Makaskiptastýringar Eignastýringar Hlutfallsréttindi At	thugasemdir		
alforà	Campionargióður				
alforă-	GSALL S Grupplaup				
keréttindi:					
eréttindi:		Education and LOD (TET) - RACKUR 11 INCOMPS.			
supplication and the second	mán	Cheynacegonia - Cool (Tesh a birckop i z instrukce)			
suppryning.	Ánn nildi	V ( ) ( ) ( ) + ( ) ( )			
aroti ygging:	Arsgildi	Einkenni: E001			
na ui:	Dagsgildi	Heiti: Elilifeyrir til útrkn L001			
i verðtr:	3	Minni hydi: Ellifeyrir til útrkn L			
ifla:	Ŧ	Styft heiti: Ellilfeyrir			
treikning:	~	Greiðsluflokkur: Ellilfeyrir			
durl.iðgj:	/	Skattameðferð: LÍFG Lífeyrisgreiðslur	Staðgrei	bsluskylt	
breyting:	•	Greiðsluhópur: EFT 😨 Eftirá lífeyrir	Ŧ		
artafla:	3	Lifeyrin	_		
tegundir		Reikniaðferð: Verðbætt lífeyri v	🗌 Sýna re	skniforsendur	
isteg:	EXX Ellilifeyrir	Margf.stuðull: 1000,000	Skrá fra	amreikningsrétt	
feyristeg:	Ŧ		Skraftz	imreikningsiog): increiðekur	010
yristeg:	Ŧ	Visittafla: NEVS 🐺 Nevsluvisitala á greiðslu (lá	ia F		
Bull:		Aldur If vegna: 67	Lifevris	b. er greiðslub.	
	Levfa iðgi,skilagr.	Aths.v/aldurs:	⊠ Sjóðf. e	r greiðsluþ.	
	🗌 Iðgj. með dreifingu	Gr.fyrir fj.mán:	🗆 Sjóðf. e	er ekki greiðsluþ	
	🗌 Iðgj. án dreifingu	Fj.mán. á ári:	Stöðva	v/andl. sjóðf.	
arteg:	Nei v	Má greiða aldursbil: 62 -	🗌 Nota m	atshlutf.	
abr.deild:	Nei 🗸	Aths.v/stoöv: ¥	Nota gr	runnflokk	
		and the second sec	🗌 Nota ré	ttindahlutfall	
		Aldurshaðar stillingar			
		Vila aldur: 67	/ 111		
áð:	mim	0 Láon aldur lækkunar: 62			
		Hám.aldur hækkunar: 70			
		Ald.tafia v/frmrkn:		1	
		legjardasjoesderd			
		Sidardaidt			
		Ideialdateound:			
		edimentedrater			
_		Sjóðir tegundar			
ם בוֹ	r	Lokað			
/u. C		Skrað síðast:	koðunaraðgangur		

## Makaskiptastýringar:

Skrá makaskiptastýringar opnað er fyrir skráningu makaskiptastýringa með því að haka í þennan reit.

**Makadeild:** hér er sett inn sú deild sem réttindi maka eiga að fara inn á við skiptingu réttinda samkvæmt samningi.

**Afgangsdeild:** inn á þessa deild fara mismunir vegna hækkunar/lækkunar *áunninna* réttinda í skiptingu, vegna aldurs og kyns.

Hám.ald.makaskipt: hér er settur inn sá aldur sem miðað er við sem hámarksaldur fyrir skiptingu réttinda.

Hám.ald.framt.sk: hér er settur sá aldur sem miðað er við sem hámarksaldur fyrir skiptingu framtíðarréttinda.

Aldurstafla kvenna: hér er sett inn aldurstaflan sem stjórnar hækkun/lækkun réttinda kvenna við skiptingu á *áunnum* réttindum.

Aldurstafla karla: hér er sett inn aldurstaflan sem stjórnar hækkun/lækkun réttinda karla við skiptingu á *áunnum* réttindum.

Makadeildir eftir aldri: ef sjóðurinn er með sér réttindadeildir vegna iðgjalda sjóðfélaga eldri en 67 ára, eru samsvarandi aldursdeildir vegna makaréttinda ásamt aldri frá fyrir hverja deild settar inn.

## Viðmiðunarstýringar:

Ef sjóðurinn notar blandaða réttindakerfið, er farið í flettilista og Viðmmiðunariðgjaldsaðferð stofnuð og síðan sótt. Hámarksaldur gr. Er settur inn.

Viðmiðunariðgjaldsaðferð: sett er inn einkenni og heiti aðferðarinnar.

**Upphafsmánuður réttinda:** hér er sett það ár og mánuður sem

aldursútreikningur á að miðast við. Eldri iðgjöld með í deild: hakað við ef við á.

Árabil viðmiðunariðgjalds: árabilið sem viðmiðunariðgjaldið samkvæmt samþykktum sjóðsins miðast við.

Sækja viðm.iðgj. í deildir: ef sjóðurinn

🚯 lõgjaldasjó	ðsdeild - L9	199					_	□ ×
🗸 🗶 ∢	• 8	😏 + 🖆	<u> </u>					
Einkenni:	L999GS				Sjóður:	L999		
Heiti:	Leið 1							
Stutt heiti:	SAL stig							
Langt heiti:	SAL stiga	útreiknin	gur					
Kennitala:								
Réttindast	týringar	<ul> <li>Viðmi</li> </ul>	unarst	ýringar	<ul> <li>Makaskiptastýringar</li> </ul>	Eignastýringar	Hlutfallsréttindi	Athu <u>c</u> ()
		🗹 Skrá m	akaskip	otastýr	ingar			
Sjálfg. mak	adeild:			Ŧ		Ŧ		
Afgangsdei	ld:			Ŧ		Ŧ		
Hám.ald.ma	aka:	70	ár					
Hám.ald.fra	mt.sk:	70	ár					
Aldurstafla	kvenna:	M35X	Ŧ	Makas	amningar 3,5% Konur	Ŧ		
Aldurstafla	karla:	M35Y	-	Makas	amningar 3,5% Karlar	•		
Makadeildir	eftir aldri							
Ald.fra	TD.	tra Eink		1	Heiti sjöðsdeildar			^
Lýsing:								
		_			LOK30	-		

samanstóð af fleiri en einni deild fyrir gildistöku blandaða réttindakerfisins, er þeim raðað inn hér. Iðgjöld til útreiknings viðmiðunariðgjalds eru sótt í þær deildir sem fram koma hér.

Viðmiðunardags aldurútreiknings: dagsetningin sem aldursútreikningur til viðmiðunariðgjalds miðast við.

Lágm. aldur viðm.iðgj.: hér er settur inn sá aldur sem sjóðfélagi þarf að hafa náð til að eiga rétt á að greiða í jafna ávinnslu, samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Hám. aldur við.iðgj.: ef sjóðfélagi er eldri en tilgreint er hér, á hann ekki rétt á jafnri ávinnslu.

Aldur v.hagkv.jafnrar áv.: hér er settur sá aldur, þegar hagkvæmara verður að greiða í jafna ávinnslu.

Lokamánuður tímabilstalningar: sett inn ár og mánuður skv. samþykktum sjóðsins. Hámarkslengd tímabilstalningar: sá fjöldi ára sem þarf til ótímabundinna réttinda jafnrar ávinnslu skv. samþykktum sjóðsins er settur inn.

Hám.aldur sjóðfél. á tímabili: hér er settur inn aldur sjóðfélaga til takmörkunar á talningu iðgjaldamánaða, þ.e. iðgjaldamánuðir eftir þennan aldur eru ekki taldir.
Verðtrygging viðmiðunariðgj.: vísitala til verðtryggingar er sett inn hér, t.d. NEYG+.
Rétt.tafla jafnrar ávinnslu: hér er tengd réttindataflan v/jafnrar ávinnslu.
Viðm.iðgjd. skert skv. fjölda greiddra mánuða. hakað við, ef reikna á viðmiðunariðgjald í hlutfalli við fjölda iðgjaldamánaða á viðmiðunarári. Annars dreifist viðmiðunariðgjaldið í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur.

### Eignastýringar:

Ef um eignatengdan sjóð er að ræða, eru eignastýringar skráðar hér. Sett er inn áætluð ávöxtun. **Aldurstafla v/ald.:** tafla sjóðsins með útreiknuðum lífslíkum er tengd hér. Þá er hægt að setja inn Vísitöluaðf.v/aldurs og Aldur br.vísitölu aðferðar, ef við á.

🖤 lõgjaldasjo	ðsdeild - l	.999					-	_
🗸 🗶 🔺	• 8	🧐 + 🗃	🛓 🔳 🔇					
Finkenni	100065			Sir	Saur:	1999		
Heiti:	Leið 1					2333		
Stutt heiti:	SAL stig							
Langt heiti:	SAL stig	a útreikning	IUF					
Kennitala:						1		
Réttindas	týringar	Viðmið	unarstýringar	Makaskintastýri	ngar	Eignastýringar	Hlutfallsréttindi	Athur
	5	Skrá eign	astýringar					
Áætl.ávöxti	un: [	3.30	96					
Aldurstafla	v/andl:		🖲 - lífslíkur			¥		
Visit.aðf.v/a	aldurs:	Ŧ				Ŧ		
Aldur br.vis	it.aðf:							
Lýsing:								
Lýsing:				□Lokaž				

## Hlutfallsréttindi:

Ef um hlutfallssjóð er að ræða, eru stýringar hlutfallsdeildarinnar settar inn hér. Opnað er fyrir skráninguna með því að setja hak í reitinn "Skrá

hlutfallsréttindastýringar".

- Launatákn: sett er inn launatákn
- deildarinnar sem verið er að setja upp. Réttindi: sett er inn leyfileg
- réttindaprósenta fyrir launatáknið.

Tímabil til: hér er skilgreint hvort hvort iðgjöld megi/eigi að vera skráð áður á tímabilið.

Dagafj.taln: Bankadagar.

Lágm.starfshl: lágmarks prósenta starfshlutfalls.

Hám.starfshl: hámarks prósenta starfshlutfalls.

**Fj.mán.rétt.útr:** settur er inn mánaðarfjöldi fyrir réttindaútr.

Charles and a							
Einkenni:	L999GS		Sjóður:	L999			
Heiti:	Leið 1						
Stutt heiti:	SAL stig						
Langt heiti: Kennitala:	SAL stiga útre	ikningur					
Réttindas	týringar 🏾 🔹	Viðmiðunarstýringar	Makaskiptastýringar	Eignastýringar	<ul> <li>Hlutfallsréttindi</li> </ul>	Athug	4
Launatákr Réttindahl Tímabil til: Dagafj.talı Lágm.starf Hám.starft Fj.mán.rét Mánuð frá:	: 001 Má keků : Bankada; :: Bankada; :: Bankada; :: Bankada; :: Bankada; :: Dankada; ::	<u>1800</u> % era til fyrir ar yar (000 % ⊨01 sem stig ei 19 reglu æl 13 reglu akn f. 95 reglu akn f. 32 reglu lag	2				

# Mánuðir frá: hvenær deildin byrjaði

Síðan er hakað við í þá reiti sem eiga við deildina, auk þess sem hægt er að tilgreina aðrar deildir, ef reikna á hlutfalið eftir iðgjöldum þeirra deilda.

## Iðgjaldasjóðir

Hér eru iðgjaldasjóðirnir stofnaðir með grunnstýringum um réttindaaðferð, dreifingu

dráttarvaxta (séreignasjóðir) , iðgjaldastöðu vegna réttinda og tegund sparnaðar.

lðgjaldasjóðir geta veitt mismunandi réttindi: Sameignarsjóður (stigakerfi/aldurstengt kerfi), Eignarsjóður Séreignarsjóður (viðbótarsparnaður), Tryggingasjóður, Orlofssjóður, Menntasjóður, Hlutfallssjóður eða Óskilgreint = engin réttindi (t.d.félagsgjöld, sjúkrasjóður o.þ.h.).

Númer	imer Nafn 99 RL, lífeyrissjóður til prufu					Rétt.a	ðf	R	létt.s	ta
L999						Sameignarsjóður			Greidd ia	
勢 lõgjaldasjóður - L999							_	- [		
	4 1 9	<b>6</b> + P	ଟ 👤 🚃							
. • ••			= _ ,	0						
Stofnun:		L999	Ŧ RL, lífey	rissjó/	ður ti	l prufu				1
Réttindaaðferð:		Sameig	narsjóður	$\sim$						
Dreifing dráttarvxt:			%							
Iðgj.st	aða v/rétt:	Greidd i	iðgjöld	$\sim$						
Tegund sparnaðar:		Skyldus	parnaður	~						
- Sýna a	ukastafir:	0								
Birtina	aform rétt:	Lífevrisu	upphæð	$\sim$						
Eðlilegt aldursbil:			-		7					
Lonicy	andaroom		iðgi fyrirt							
		E CCyru	logjaynic							

lðgjaldastaða v/réttinda: val um Greidd iðgjöld, Uppfærð iðgjöld eða Öll iðgjöld.

Tegund sparnaðar: Skyldusparnaður, Viðbótarsparnaður eða Á ekki við.

Þá er hér val um birtingaform réttinda, t.d. í yfirliti um sjóðfélaga, hvort þau eigi að koma fram sem

Lífeyrisupphæð, Einingar, eða

Á ekki við = ekki notað fyrir viðkomandi sjóð.
#### Verðbréfagerðir - iðgjaldabréf

Hér eru stofnaðar verðbréfagerðir fyrir iðgjaldainnheimtuna.



Í flestum tilvikum er ein gerð nægjanleg. Setja þarf inn einkenni, heiti og ágætt að setja inn lýsingu flokksins.

Þá þarf að tengja hann undirflokki og er farið með **F7** í lista yfir þá undirflokka sem til eru hjá innheimtuaðilanum.

99 RL, lifeyrissjó	óður til prufu - Iðgjaldal	bréf				
nk. Heiti		Undirflok	our Sty	iring		
GJ Těgjöld	1	Iðgjöld	_			
Verðbréfag	jerð			-		×
<b>V</b> €	▶   ?   ⊕ + @ ⊥					
Tegund:	Iðgjaldabréf	~				
Einkenni:	IÐGJ					
Heiti:	Iðgjöld					
Lýsing:						
Undirflokkur	: Iðgjöld		Ŧ			
Stýringar:	Updidlokkar - 1999					×
Ahattufloki			1 1 10			
	M 01 -7: 1 X	- 4 P 14 P1 646 13	'√ @ ?	1 m	· 문 전	한집
Umsi.staðu	· · ·					
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, lifeyrissjóðu	ır til prufu - Iðgjaldab	éf			_
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti	ır til prufu - Iðgjaldab	réf Yfirflokku	r	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld	ır til prufu - Iðgjaldab	réf Yfirflokku Iðgjöld	r	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld kar	ır til prufu - Iðgjaldab	réf Yfirflokku Iðgjöld	r □ )	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld kar	r til prufu - tögjaldab	réf Yfirflokku Iðgjöld —	r □ )	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili:	L999 RL, llfeyrissjóðu Heiti Iðgjöld kar Iðgjaldabréf	r til prufu - Iðgjaldab	réf Yfirflokku Iðgjöld	r 	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili: S Undirflek Tegund: Heiti:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld kar Iðgjaldabréf Iðgjaldabréf	r til prufu - Iðgjaldab I 📰 😒	réf Yfirflokku Iðgjöld	r )	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili: S Undirflek r f v 4 Tegund: Heiti: Stuttheiti:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld šar Iðgjäldabréf Iðgjöld	r til prufu - tögjaldab m 💽	réf Yfirflokku Iðgjöld	r >	Lok	^
Umsj.staðu Vörsluaðili: S Undirflek " 4 Tegund: Heiti: Stuttheiti: Lýsino:	L999 RL, lifeyrissjóðu Heiti Iðgjöld kar Iðgjäldabréf Iðgjöld	r til prufu - tägjaldab	réf Yfirflokku Iðgjöld	r 	Lok	*
Umsj.staðu- Vörsluaðili: S Undirflek r í v 4 Tegund: Heiti: Stuttheiti: Lýsing: Yfirflokkar:	L999 RL, ll'eyrissjóðu Heiti Tögjöld kar I Tögjöld Dögjöld Lögjöld Tögjöld	r til prufu - tëgjaldab m S	réf Yfirflokku Iðgjöld	r )	Lok	<>

Undirflokkur er tengdur yfirflokki, farið í lista yfir yfirflokka með F7:

.999 RL, lífeyrissjóður	til prufu - Iðgji	aldabréf					_
Eink. Heiti IĐGJ Iðgjöld			Undirflokkur Iðgjöld	Stýring		L	^
Verőbréfagerő	_			- M	×		
1	S Undirfloki	kar - L999			-		$\times$
	V 24	EDX∢	▶ 14 ▶1 44 1	7163	87	曲 短	
gund: Iðgjaldab		lifovricci/Aur ti	nrufu - tănialdat	hráf			
nkenni: IĐGJ	Heiti	in cynasjoodir d	proid - toggaloot	Yfirflokkur		Lok	~
eiti: Iðgjöld	lðgjöld			Iðgjöld			
sing:	S Undirfloki	kar					×
ndirflokkur: Iðgjöld	1.4	1 9 0	t off a local	2			
ýringar:	1.0.0	P   8   59	- G. 9   m   (	9			
ættuflokk.: 🛛 🗑	Tegund:	Iðgjaldabréf	· ~				
nsj.staður: 🛛 🗿	Heiti:	Iðgjöld					
orsluadili: 🛛 🕴	Stuttheiti:	Iðgjöld					
Lokað	Lýsing:						
	Yfirflokkur:	Iðgjöld			Ŧ		
Yfirflokkar - L999					-		×
V	× ∢ ⇒ M	月始マノ	61897	b 10 th 2	G +	19 E	n @
LOOD DL Mauriceid					-		
Liobi	iou 💿 miniokki	ur - L999		_			
Iðgjöld		() <u>8</u> 0	+ 🖆 👗 📼	0			
Igrx2	Heiti:	tégiéld					
Sjóður	Stuttheiti:	Iðgjöld			_		
	Lýsing:						٦.
	Uppgi blut	· Iðniðld			T		

Í yfirflokknum er tegund flokksins tilgreind ásamt þeim hluta bókhaldsuppgjörs sem flokkurinn á að fylgja. Farið er inn í uppgjörshluta myndina með **F7**. Ef innheimtu-aðilinn notar verðbréfakerfið ásamt iðgjaldakerfinu, getur hann valið um að vera með einn uppgjörshluta, þannig að færslur úr báðum kerfum fari í gegnum uppgjör í einu, eða að vera með sér uppgjörshluta fyrir iðgjöldin og annan fyrir verðbréfin. Þá er hægt að vinna bókhaldsuppgjör fyrir hvort kerfi fyrir sig og á mismunandi tíma.

#### Peningareikningar

Hér eru mótbókunarreikningar stofnaðir og haldið við. Þegar nýr reikningur er stofnaður, þarf að tilgreina þá verðbréfagerð sem hann á að



Einnig eru settir inn bókhaldslyklar.

tilheyra, áður en komið er inn í skráningarmynd peningareikningsins. Vinsetning Verðbréfagerð: Verðbréfagerð: Setjð inn fyrirhugaða gerð. F7-Flettlist.

Ef tekið er á móti greiðslum rafrænt, er nauðsynlegt að tilgreina umsjónarstað (bankaútibú) og umsjónarnúmer (höfuðbók og reikningur, samtals 8 stafir), til að móttaka greiðslnanna gangi upp.

## Iðgjaldategundir



Hér eru iðgjaldategundir sjóða stofnaðar, ef þær eru fleiri en ein.

lðgjaldategundirnar gefa möguleika á að vera með mismunandi bókhaldslykla fyrir sömu sjóðsdeildina, t.d. vegna útborgunar séreignarlífeyris, þar sem bókhaldslykill vegna lífeyrisgreiðslna væri settur inn í stað bókhaldslykils fyrir flutning úr sjóðnum.

Tengingar sjóða vegna iðgjaldaskila

Með því að tengja saman sjóði hefur kerfið forsendur til að meta hvort upphæðir komi réttar fram á rafrænum skilagreinum sem eru mótteknar í Jóakim og framkvæma þá leiðréttingu á upphæðum, eða bæta við færslum á tengdan sjóð ef vantar.

外 Tenging sjóða veg	na iðgjaldaskila - 👘 👘 🗌	×
	?   📀 + 🗃 👗   🥅 😒	
Viðm.sjóður:	L	Ŧ
Tengdur sjóður:	R <sup>*</sup> . endurhæfingarsjóður	Ŧ
M.v. sundurl.iðgj:	Framlag ~	
Leyfileg frávik:	5	
	🗌 Krefja fastmerkingu	
Skráð síð:	rl 2020-01-17 00:00:00.0	00
F7=Flettilisti.		OVR

**ATH:** Til að þessi tenging virki þurfa að vera til staðar almennir samningar vegna tengdra sjóða þar sem hlutföll eru fest.

Viðm.sjóður: Sjóðurinn sem hafður er til grundvallar, t.d. Lxxx Tengdur sjóður: Sjóður sem skal gera athugun á hvort sé í réttu hlutfalli við

viðmiðunarsjóð, t.d. Rxxx

Leyfileg frávik: Val er um hvort og hve mikil frávik, í krónum talin, skuli leyfð við athugun kerfisins. Finni kerfið mismun á milli sjóða sem er innan leyfilegs fráviks gerir það engar breytingar á upphæð. Sé mismunur hins vegar yfir leyfilegu fráviki, þá gerir kerfið breytingar á upphæð tengds sjóðs. Slík breyting kemur ávallt skýrt fram í mismunareit á skilagreininni sjálfri. ATH. Ef tengdur sjóður kemur fyrir í fleiri en einni færslu og leyfileg frávik eru ekki þau sömu, þá er miðað við hæsta leyfilega frávik.

#### Flokkar iðgjaldasjóða

Hér er hægt að tengja sjóði saman.

Til þess að fá meldingu við villuprófun ef skráð eru t.d. J iðgjöld (félagsgjöld) þegar búið var að skrá áður fyrir sama mánuð beint á F, S, O eða M sjóði.

Til að virkja þetta í villuprófun þarf að tengja þessa sjóði saman:

Flokkur ið	gjaldasjóða - L	999			-		×
🗸   🕇	• 8 Q	+ 🛱 👗 🔳 🕓					
leiti: Félag	sgjöld xxxxf	élags					
Iðgjaldasj	óðir						
Sjóður	Heiti						^
L999	RL, lifeyri	ssjóður til prufu					- 1
							- 1
							$\vee$
ths:							
1							~ ~
Skráð:		lilja	2022-03	-10 17:	57:19.	342	

Smellt skal á Insert:

Heiti t.d.: Félagsgjöld Stéttarfélagsins X (Heiti á flokk iðgjaldasjóðs) Velja skal sjóðina sem tengjast:

Sjóður: FXXX Heiti: XXX, Stéttarfélag

Sjóður: JXXX Heiti: XXX öll gjöld (F. S. O. M)

Heiti t.d.: Félagsgjöld Stéttarfélagsins Q

Tengdar styrktartegundir:

Sjóður: FQQQ Heiti: QQQ, Orlofssjóður

Sjóður: JQQQ Heiti: QQQ öll gjöld (F. S. O. M)

#### Innheimtuaðilar



Hér eru grunnstýringar innheimtuaðilans settar inn. Ef iðgjöld fara aðallega inn á einn bankareikning, er ágætt að skilgreina hann hér og kemur hann þá sjálfkrafa sem mótbókun í skráningu skilagreina (greiðsluhlutanum). Ef nota á aðra mótbókun er hún slegin inn í skráningunni í stað þeirrar sem sjálfkrafa kemur upp.

Sjalivik algreiosia rali, skilagi.	Vanskilaadrerolf - L999	
RS21   Rafrænar skilagreinar 2021	✔	
RA21 🖡 Rafrænar með villu 2021 🐺		
Rafrænar á villu	Cink Holti	- П X
Ekki uppfæra ef samtals iðgjöld breytist við afgr		<b>D</b> 1
IĐGJ 🖡 Idgjöld 🗣	PRUF prufa SKG Vanskil skilagreina án fridaga, au SKGZ Vanskil skilagr. án fridaga, au	
ZATI • Siálfvirkar áætlanir	SKGF Vanskil skilagreina m.v. fridag Heiti: Vanskil skilagreina m.v. fridaga SKGV Vanskil skilagr. skv. lögum, at Lýsing: ÚTI E. Útendingar	
20,00 %	V130 Vanskilavextir LSA V18 18% Samningsvextir V18 18% Samningsvextir	Ŧ
Já v Áætlunarmán:	V185 Samningsvextr 18,5% Vextr rientas euri: Z0 Dagar V22 Samningsvextr 22% Fridagatal: Lokunardagar banka á Íslandi skg V260 Vanskilavestir Lsj.bænda	Ŧ
dir launagreiðendamála lögfræðings	V421     Vanski skilagreina og greiðs)     Serstok vaxtauðrena     ■ M       V500     Vanskilavstörskapa-suka v/10%     Umsjónaraðili:     2000 ¥       V64     Sersionsværtr F 80%     Umsjónaraðili:     2000 ¥	Ŧ
2022-03-10 18:54:11.014	VAN0         Frå og með gjalddaga         Lokað           VAN1         14 daga eftir gjalddaga         Skráð fyrst :	15:41:02
7=Flettlist.	+ Flairi aðgarðir	OVR
ogt or að tilgroina	Førske: 45	OVR

#### Nauðsynlegt er að tilgreina

vanskilavaxtaaðferð og er hún sótt í lista með F7. Í listanum sjást þær gerðir sem stofnaðar hafa verið, en þar er vaxtaaðferðin tilgreind, fjöldi daga sem líða má frá

etilä inn fyrirhugaða gerð. F

gjalddaga áður en vanskilavextir fara að reiknast (gjalddagi + þessir dagar = eindagi) og dagatal sem inniheldur lokunardaga banka, þannig að vextir fara ekki að reiknast fyrr en á fyrsta virka degi eftir eindaga.

**Afrúning** vaxta og afrúning iðgjalda. Settur er inn fjöldi aukastafa sem vextir/mótframlag eiga að reiknast út á **0** =heilar krónur.

**Gjalddagar skilagreina**. Hér er tilgreindur sá fjöldi daga sem líða á frá lokum iðgjaldatímabils, þar til gjalddaga er náð. Samkvæmt lögum mun það vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir iðgjaldatímabilið og er því talan tíu sett inn hér.

Hámarks greiðslumismunur skilagreina. Hér er sett inn sú upphæð er telst vera lágmarksskuld hjá launagreiðandanum. Ef fleiri skilagreinar frá sama launagreiðanda eru til ráðstöfunar í sömu vinnslu, er það síðasta skilagreinin (skuldin) sem þessi upphæð gildir um. Hún greiðist því einungis ef næg innborgun frá

launagreiðandanum er fyrir hendi, eða að mismunurinn er ekki hærri en sem nemur þeirri upphæð sem skilgreind hefur verið hjá innheimtuaðilanum. Mismunurinn bókast á mismunareikning innheimtuaðilans.

Viðmið mism. skgr. Hér er valið hvort mismunur skuldar miðist við skilagrein eða heildarskuld launagreiðanda.

Hámarks neikvæður mismunur. Hér er sett inn sú upphæð sem telst vera lágmarks upphæð til inneignar hjá launagreiðandanum. Ef launagreiðandi greiðir nokkrum krónum of mikið með skilagrein, oftast vegna afrúnnunar mótframlags, fer sú upphæð inn á mismunareikning ef hún er undir þeirri upphæð sem tilgreind er hér. Ef fleiri skilagreinar frá sama launagreiðanda eru til ráðstöfunar í sömu vinnslu, er það sú upphæð sem er óráðstöfuð þegar öll iðgjöldin hafa greiðst sem getur farið inn á mismunareikninginn, sé hún innan marka.

Hámarksmismunur niðurstöðu skilagreina. Hér er sett inn sú upphæð sem má að hámarki muna á skráðum iðgjöldum og skráðri niðurstöðu skilagreinar til þess að hún sleppi í gegnum villuprófun og uppfærslu, án þess að setja þurfi inn upphæð til afstemmingar í þar til ætlaðan reit. Þessi upphæð hefur engin áhrif á ráðstöfun.

**Ráðstöfun**. Hér er skilgreint hvort ráðstöfun greiðslna á skuldir fer fram í uppfærslu (svæðið er autt) eða í sérstakri ráðstöfunarvinnslu (v). Innheimtuaðilar sem sjá um iðgjaldaskráningu sameignarsjóða, stéttarfélaga og undirsjóða þeirra, nota ráðstöfunarvinnsluna. Ef ráðstöfun fer fram við uppfærslu, verður greiðsla að vera með skilagreininni á sama fylgiskjali og upphæðirnar verða að stemma innan leyfilegs greiðslumismunar, að öðrum kosti uppfærist fylgiskjalið ekki.

Skip í launagreiðendamáli. Ef innheimtuaðilinn er með innheimtu fyrir sjómannasjóði, er hakað í þennan reit. Það opnar þá fyrir möguleika á tengingu skipa við launagreiðendamál.

Villupr.greiðsluaðl. Ef Já, þá er skoðað hvort launagreiðandi sé í greiðsluaðlögun við villuprófun.

Netfang vegna móttöku skilagreina. Hér er sett inn netfang þess starfsmanns eða hóps sem hefur umsjón með móttöku rafrænna skráa. Nýtist í tengslum við móttöku og afgreiðslu rafrænna skráa.

**Stýringar v/bankakrafna**. Hér er hakað við ef stofna á kröfur við uppfærslu skilagreina. Ef ekki er hak, er hægt að setja inn kröfuhóp sem settur hefur verið upp fyrir rafrænar skilagreinar til stofnunar kröfu við innsendingu.

## Stýringar v/afgreiðslu rafrænna skilagreina

Hér er hakað við ef nota á sjálfvirka afgreiðslu rafrænna skilagreina.

Fylgiskjalaflokkur er settur inn, fyrir

skilagreinar sem eru villulausar og uppfærast strax.

**Fylgiskjalaflokkur** fyrir skilagreinar sem lenda á villu er einnig settur inn.

-Stýringar v/afgreiðslu	ı rafrænna skilagreina	
	🗹 Sjálfvirk afgreiðsla rafr. skilagr.	
Fylgiskj.flokkur:	RS21  Rafrænar skilagreinar 2021	
Fskjfl. ef villa:	RA21  Rafrænar með villu 2021	
Bunkaheiti v/villu:	Rafrænar á villu	
	🗌 Ekki uppfæra ef samtals iðgjöld breytist við afgr	

**Bunkaheiti v/villu**, skilagreinar á villu fara inn í bunka og er sjálfgefið heiti bunkans sett inn hér.

**Ekki uppfæra ef samtals iðgjöld breytast við afgreiðslu**, ef hakað er við, fara þær skilagreinar á villu sem samtala iðgjalda breytist á vegna t.d. mótframlags sem komið hefur of lágt og hækkar skv. samningi.

Verðbréfagerð iðgjalda og verðbréfagerð greiðslna eru tilgreindar hér. Í hvoru svæðium sig er farið með F7 í lista yfirVerðbr.gerð iðgi:þær gerðir sem til eru hjáVerðbr.gerð gr:ÍtagjaldainnborganirIðgjaldainnborganir

innheimtuaðilanum og er jafnframt hægt að stofna gerðir eða breyta þeim sem fyrir eru.

Áætlunarstýringar. Hér er settur inn fylgiskjalaflokkur fyrir sjálfvirkar áætlanir og er eðlilegt að sá flokkur sé lokaður fyrir annarri notkun.

Áætlunarstýringar			
Fylgiskj.flokkur:	ZATL 🚯 Sjálfvirkar áætlanir		Ŧ
Áætlunarálag:	20,00 %		🗌 Áætl. með í ráðst
Áætlunartímabil:	2021-01 -		JFMAMJJÁSOND
M.v. eldra sögu:	Já v	Áætlunarmán:	

**Áætlunarálag** er tilgreint hér, ef áætlanir eiga að vera hærri en skilagreinarnar sem áætlunin byggir á. Það ýtir oft við launagreiðendum ef þeir fá áætlun sem er talsvert hærri en sú skilagrein sem ætti með réttu að vera fyrir tímabilið.

Áætlunartímabil. Fyrra svæðið er fyllt út með ári og mánuði sem innheimtuaðilinn vill að áætlanir byrji. Eðlilegt er að breyta þessu ártali árlega, þannig að ekki sé verið að láta áætlanir myndast fyrir eldri tímabil en raunhæft er að innheimta. Seinna svæðið er haft autt hjá innheimtuaðilanum. Áætlunarmánuðir eru hafðir auðir hjá innheimtuaðilanum og er þá áætlað á alla mánuði ársins, nema stýringar hjá launagreiðanda eða sjóði segi til um annað. Stýring í launagreiðandamáli gengur fyrir stýringu hjá innheimtuaðilanum.

**M.v. eldri sögu:** Hér er skilgreint hvort horfa eigi til eldri iðgjaldasögu en tilgreint er í áætlunartímabili frá, við áætlanagerð. Ef sett er 'Nei', er eingöngu áætlaða á þá sjóði hjá launagreiðanda sem iðgjaldasaga er til um frá og með tilgreindu tímabili. Ef launagreiðandi fer að greiða aftur í sjóð sem var fyrir tilgreinda tímabilið, bætist sá sjóður við áætlanaferlið frá fyrstu skilagrein sem berst eftir það.

Áætlanir með í ráðstöfun, hér er því stýrt hvort áætlanir taki frá greiðslur við ráðstöfun. Ef sett er x í reitinn, taka áætlanir frá greiðslur og allar skuldir sem eru með gjalddaga þar á eftir eru ógreiddar í kerfinu þangað til áætlunin fellur niður. Ef reiturinn er auður, greiðir kerfið allar <u>raunverulegar</u> skilagreinar óháð áætlunum og eru áætlanir þá eingöngu notaðar til ítrekunar.

# Aðalatburðategundir launagreiðendamála, hér eru tilgreindar þær tvær tegundir

sem algengast er að nota hjá

innheimtuaðilanum. Þær koma þá fram í skráningarmynd launagreiðendamála, opnar til



skráningar dagsetningar og athugasemdar. Hægt er að skipta um aðaltegundir hvenær sem er, ef í ljós kemur að hentugra er að sjá aðrar tegundir hjá launagreiðendum en upphaflega var tilgreint. Flipar fyrir Bókhaldsreikninga og Ítrekunarstýringar:

**Bókhaldsreikningar** fyrir fjárhag og sjóðstreymi innheimtuaðilans eru tilgreindir hér. **Ítrekunarstýringar** 

Hakað er við Skrá ítrekunarstýringar.

Hér er skilgreint á hvaða ítrekunarstigi eftirfarandi stig eru.

Áætlunarstig: áætlanir koma fram á

ítrekunarbréfum á þessu stigi.

Sérmeðhöndlunarstig: Lágmarksstig sem

verður að færa handvirkt. Autt = aldrei.

Lögfræðistig: Ítr.stig vegna lögfræðiinnheimtu.

Lágm.hámarks stig: Autt = ekkert. Er

stundum notað í ákv. Innheimtumálum ef

samningur vi	ð launagreiðanda	er í gangi.
--------------	------------------	-------------

Stofnun: L999  RL, lífeyris	sjóður til prufu 💿
Almennt Bókhaldsreiknin	gar 🌢 Ítrekunarstýringar
	🗹 Skrá ítrekunarstýringar
Áætlunarstig:	2
Sérmeðhöndlunarstig:	3
Lögfræðistig:	3
Lágm. hámarks stig:	
Lágmarksupphæð:	1000,00
Miða við:	Heildarskuld 🗸
	🗌 Áætlanir með í útreikningi innheimtukostnaðar
Villuprófun komi með alvarleg	a athugasemd:
	🗹 Vegna greiðslna
	🗹 Vegna iðgjalda
🖶 Ítrekunarstig	

Miða við: Hér er val um Heildarskuld eða Í vanskilum.

Ef taka á **áætlanir með í útreikning innheimtukostnaðar** (ef innheimtukostnaður hækkar við hærri skuld) er hakað við hér.

Villuprófun komi með alvarlega athugasemd: val um Vegna greiðslna og Vegna iðgjalda, hakað er við annað hvort eða bæði.

**Hnappur "Ítrekunarstig**" hér er hægt að fara beint í verkliðinn Ítrekunarstig og skoða/breyta þeim.

## Bókhaldsuppgjörshlutar

Viðskiptadagsetningu og iðgjaldatímabili er stjórnað hér.

Bókhaldsuppgjörs	hlutur - L999 —			×
🖌 🖌 🖌 🖌 🛉	?   🚱 + 😭 👗 🔲 🕓			
Heiti:	Iðgjöld			
Leyfil. viðsk.dags:	01.11.2021 🛤 - 31.03.2022 🖡	<b>(3</b>		
Leyfil. iðgj.tímab:	2021-01 - 2022-06			
	🗌 Læst (loka fyrir uppfærslu gag	jna)		
	🗌 Lokað			
			C	DVR

Heiti, heiti þess uppgjörshluta sem stýringar eiga að gilda fyrir.

Leyfileg viðskiptadagsetning, dagsetning móttöku skilagreina og greiðslna. Dagsetningu til er breytt mánaðarlega í lokadagsetningu þess mánaðar sem verið er að vinna með.

Dagsetningu frá er breytt öðru hvoru og þá færð

nær í tíma. Eðlilegt er að vera ekki með of rúmt móttökudagsetningarbil, til að minnka hættuna á skráningarmistökum.

**Leyfilegt iðgjaldatímabil frá** og **til** er tilgreint hér og er rétt að hafa það bil ekki of mikið til að minnka hættuna á mistökum í skráningu. Eðlilegt er að fara mánaðarlega inn í þessa mynd og breyta iðgjaldatímabili *til*. Árlega er svo tímabilið *frá* þrengt. **Læst**, hak er í reitnum þegar uppgjör er í gangi, ef hakað var í reitinn "Læsa uppgjörshlut við upphaf vinnslu" þegar uppgjör var sett af stað. Þetta er til að loka fyrir uppfærslu gagna meðan á uppgjöri stendur og þar til uppgjörið er merkt frágengið.

Bókhaldsreikningar

Bókhaldsreikningar innheimtuaðilans eru stofnaðir og haldið við hér.

Eðlilegt er að nota sömu bókhaldslykla í iðgjaldabókhaldinu og eru notaðir í fjárhagsbókhaldi viðkomandi sjóðs og/eða innheimtuaðila.

· 21	≘ □ × ◀ ▶ ਖ א ₩ ∀ √  ∉	s 🔊 📾 🗠	🎍 🗐 🗖
.999 RL, líf	eyrissjóður til prufu		
Númer	Heiti	Lok	1
10	4% iðgjald		
1212	Viðsk.menn		
20	6% mótframlag		
202230	Tékkarkn. IB		
30	Vextir		
40	Aðrar kröfur		
99	Annað		
9998	Bankareikningar v/iðgjalda		

# Uppfærslur

# Villuprófun og uppfærsla fylgiskjala

Hér er boðið upp á að villuprófa fylgiskjöl eftir ýmsum valforsendum, jafnframt því sem hægt er að biðja um uppfærslu um leið.

	Runuvinnsla		
	Ítarleg villulisti	Uppfæ	ra ef hægt
Bunkar:	* ¥-*	Ŧ	
Fylgiskjalaflokkur:	* 7 *		Ŧ
Fylgiskialsnúmer:	*		
a factor de ser	a <b>by</b>	10.00	

Hægt er að villuprófa ákveðinn bunka eða bunkabil, ákveðinn fylgiskjalaflokk og þá jafnvel númerabil eða ákveðið númer, ákveðna móttökudagsetningu eða dagsetningarbil. Þá er boðið upp á val um ítarlegan villulista, þar sem athugasemdir kæmu fram ásamt villunum, eða fá eingöngu lista með villum.Einnig er

boðið upp á uppfærslu um leið og villuprófunin fer fram.Villulistinn kemur á skjáinn, tilbúinn til útprentunar:

Hér sést að bunkinn er með villum og getur því ekki uppfærst.

Stjörnumerktar villur krefjast leiðréttingar á skilagreininni í samræmi við skilaboðin sem fylgja þeim.

Úttak	Hausblað	
– Úttak	skýrslu	
Fy1	giskjala	bunki: 20030004 (ÞB júní):
* E	B03-7	Móttökudagsetning er utan leyfilegra marka (sett i uppgjörshlut).
1 B	B03-7	Sjóðfélagasamningur er til hjá öðrum launagreiðanda. (2305775369)
1.5	B03-7	Sjóðfélagasamningur er til hjá öðrum launagreiðanda. (0304293979)
- B	B03-8	Móttökudagsetning er utan leyfilegra marka (sett i uppgjörshlut).
* B	B03-9	Móttökudagsetning er utan leyfilegra marka (sett i uppgjörshlut).
1 8	B03-9	Sjóðfélagasamningur er til hjá öðrum launagreiðanda. (1503413459)

Alvarlegar athugasemdir, merktar með upphrópunarmerki, þarf að athuga nánar og ef skilagreinin er eins og hún á að vera, er sett l í **Uppf. stýring** í skráningarmynd skilagreinarinnar. Þá fer skilagreinin í gegn um villuprófun og uppfærslu án þess að stöðvast.

Ef + er fyrir framan athugasemd, er það ætlað til nánari athugunar, án þess að stöðva uppfærslu.

Ef beðið væri um ítarlegan villulista, kæmu að auki vægar athugasemdir, t.d. ef launagreiðandi hefur ekki skilað til sjóðs áður. Þessar athugasemdir eru, eins og nafnið bendir til, ætlaðar til athugunar, en stoppa ekki af uppfærslu. Hafi launagreiðandi byrjað að skila til sjóðs iðgjaldi fyrir t.d. febrúar og síðan skilað inn þaðan í frá, kæmi þessi athugasemd aftur fyrir þann launagreiðanda, ef hann skilar inn tímabili sem er eldra en elsta tímabilið hjá honum var, þar sem ekki finnst eldri saga hjá honum en verið er að skrá inn.

Athugið að þessi verkliður **ráðstafar** *ekki* greiðslum á skuld launagreiðenda hjá sameignarsjóðum, þar sem þeir eiga að vera með **x** í **Ráðstöfun** í stjórnupplýsingum innheimtuaðila. Það er sér verkliður ætlaður til þess, **Ráðstöfun innheimtubréfa**.

Við uppfærslu er horft á iðgjaldastýringar í samningum og iðgjöld færð samkvæmt þeim, hvort sem er séreign í séreignardeildir, eða sjóðspottur í undirsjóði. Einnig er iðgjöldum skipt samkvæmt makasamningum.

## Ráðstöfun innheimtubréfa

Hér er greiðslum ráðstafað á skilagreinar hjá sameignasjóðum. Boðið er upp á runuvinnslu og er það sú leið sem nota á að öllu jöfnu. Ef verið er að ráðstafa án áætlunarvinnslu því sem til ráðstöfunar er hjá tilgreindum launagreiðanda, er ekkert því til fyrirstöðu að vinna það í skjávinnslu.

Keyra ráðstöfun, sjálfkrafa er x í þessum reit. Ef einungis á að áætla ráðstafanir er x-ið tekið úr þessum reit og x sett í reitinn Áætla ráðstafanir.

Lista ráðstöfun. Boðið er upp á að lista ráðstafanir og gæti það orðið all langur listi, þar sem margar ráðstöfunarfærslur geta myndast fyrir hverja skilagrein.

Ráðstöfun innheimtubré	fa - L001 (TEST á BACKUP 12 INSTANC	E)	-		×
🖌 💡 📀 😭 👗					
Ráðstafanir	Runuvinnsla				
	☑ Keyra ráðstöfun □ Lista ráðstafanir	☐ Áætlun með í ☐ Áætla ráðstaf	ráðstöf anir	un	
Áætlanir	☑ Áætla til og með: 2022-0	1			
Launagreiðandi:	* ∓ *				Ŧ
Málaeinkenni:	*				
Lögfræðimerki:	* •		Ŧ	]	
Innheimtumálaflokkur:	* *		1	:	
Lögfræðimálateljari:	* - *				
					OVR .::

Áætlun með í ráðstöfun. Ef jafnframt er x í reitnum Áætlun með í ráðstöfun ráðstafast greiðslur, sem komu með seinni skilagreinum sem eru til ráðstöfunar í sömu vinnslu, á áætlunina. Áætlunin heldur því greiðslu þar til skilagrein er komin fyrir tímabilið, eða tilgreint er í launagreiðendamálinu að ekki eigi að áætla fyrir þetta tímabil. Ef ekki á að vinna áætlanir með ráðstöfunarvinnslunni, er nauðsynlegt að muna eftir því að taka x-ið út úr reitnum og jafnframt að taka x-ið út úr Áætlun með í ráðstöfun reitnum, ef það er sett sem sjálfgefið hjá innheimtuaðilanum.

Áætla ráðstafanir, við venjulega ráðstöfunarvinnslu er þessi reitur hafður auður. Ef verið er að vinna með launagreiðendamál sem komið er í lögfræðing, getur verið gott að sjá hvernig það myndi ráðstafast, án þess að festa ráðstöfunina. Þá er sett x í reitinn og launagreiðendamálið, eða innheimtumálaflokkur ásamt lögfræðimálateljara frá og til, ef um nokkur mál er að ræða sem senda á til lögmanna saman. Athugið að til þess að hægt sé að áætla ráðstöfun, verður launagreiðendamálið að vera opið til ráðstöfunar (= ekki x í Stöðva ráðstöfun reitnum).

Áætla til og með, í reitnum kemur sjálfkrafa uppástunga um síðasta mánuð sem kominn er fram yfir eindaga. Ef x-ið í reitnum fyrir framan er látið standa, eru áætlanir stofnaðar áður en ráðstöfun fer fram. Ef tímabil vantar inn í hjá launagreiðanda, myndast áætlun fyrir það.

Ef \* er í öllum reitum er greiðslum ráðstafað á allar uppfærðar en ófrágengnar skuldir (iðgjöld). Boðið er upp á að ráðstafa greiðslum á skuldir (iðgjöld) hjá ákveðnum launagreiðanda, málaeinkenni o.sv.frv.

#### Bakfærsla fylgiskjala

Hér er boðið upp á að bakfæra hvort sem er skilagrein og/eða greiðslu, ef þörf er á að leiðrétta fylgiskjal sem búið er að uppfæra.



Fylgiskjalaflokkur fyrir bakfærslur er settur inn ásamt fylgiskjalinu sem bakfæra á. Merkt er við hvort bakfæra eigi skilagreinina og/eða greiðsluna með því að setja **x** í hvorn reit um sig, eftir því sem við á. Einnig er sett inn skýring eða tilvísun vegna bakfærslunnar. Á myndinni koma fram upplýsingar um fylgiskjalið sem bakfæra á og hvernig það hefur ráðstafast. Við bakfærsluna

losna ráðstafanirnar. Ef greiðsla fór ranglega inn á launagreiðanda með skilagrein sem standa á áfram, er nóg að bakfæra greiðsluna. Hins vegar er óþarfi að bakfæra greiðsluna ef leiðrétta á tímabil skilagreinarinnar en móttökudagsetningin er rétt. Athugið, að þegar greiðsla sem búið er að ráðstafa er bakfærð, þarf að athuga hvort skilagreinarnar sem verða ógreiddar fá á sig vexti og hvort þær hefðu verið vaxtalausar ef greiðslan sem ranglega var inni hefði ekki verið skráð á málið og þar með ruglað ráðstöfunina.

## Fjöldabakfærsla ráðstafana

Hér er boðið upp á að bakfæra allar ráðstafanir tiltekins launagreiðanda (Málaeinkenni: \* = öll mál launagreiðandans, málaeinkenni sett inn = málið sem ráðstafanir eiga að bakfærast af) frá og með tilgreindri dagsetningu.

Sett er inn dagsetningin ásamt fylgiskjalaflokki sem sérstaklega er ætlað að halda utan um bakfærslur ráðstafana.

🞐 Fjölda bakfærsla ráðstafana - L001 (TEST á BACK	UP 12 INSTANCE)	-		×
🖌 🖌 💡 🧐 🚰 👗 💷 😒				
Launagreiðandi:	6905062700 💽 Stálverk ehf			Ŧ
Málaeinkenni:	*			
Frá og með dags:	01.01.2022			
Bakfærslufskj.flokk:	ZBAK F Bakfærðar ráðstafanir	[	Ŧ	
sleppa ráðstöfunum á séreign.				
F7=Flettilisti.				OVR

## ATH! Þetta er hættuleg aðgerð sem ekki á að beita nema að vel athuguðu máli!

• Ef séreignasjóður er hjá innheimtuaðila, ætti merkja við "sleppa ráðstöfun á séreign" til að minnka hættu á óþarfa hringli með gengi séreignasjóðanna.

## Ný skilagrein úr eldri

Hér er boðið upp á að búa til nýja skilagrein úr eldri, hvort sem sú eldri var bakfærð eða verið er að búa til skilagrein á nýtt tímabil með sömu iðgjaldaupplýsingum og eldri skilagreinin var með. Einungis er þörf á að fylla út þau svæði sem eiga að vera öðruvísi en á upprunaskilagreininni. Ef upprunaskilagreinin innihéllt bæði iðgjöld og greiðslu, er valið um hvort nýja skilagreinin eigi að innihalda báða hluta eða einungis annan hvorn.

Ný skilagrein úr eld	iri - LOO1 (TEST á BA	CKUP 12 INSTANCE)			-		×
🗸 💰 📀 🛱	* 👗 🔲 🕓						
Eldra skilagrein							
Fylgiskjalsnr:	AK07 💿	6 🐨	Bunki				
Móttökudags:	16.03.2007						
Launagr:	4507003120	Jóakim frændi					
Málaeink:	-						
Greiðsluhlutur:							
Upphæð greiðslu:			Skýring gr:				
Reikning:							
Iðgjaldahlutur:	02.01	1 2007	Cield de six				
Timabil:	02-01 - 02-2	2007	Gjalddagi:	4			
Sancais logjold.			rj. launpega.	4			
Skr.sið:	lilja	2007-03-19 21:	36:49				
Ný skilagrein							
Fylgiskjalsnr:	LR Ŧ	19	Bunki:		Ŧ		
Móttökudags:		114					
Launagr:		Ŧ		Ŧ			
Málaeink:		*					
Uppf.stýring:		~					
	🗹 Afrita iðgjald	ahlut					
Stillingar iðgjalda	hluta Sjóðir						
Iðgjaldaforsendu	Ir						
Timabil:	03 - 03	2007				_	
Aðferð.iðgjalda:	Obreyttar		🔜 🗸 🗸 San	nþykkja 🛛 Ha	etta við	5	
	🗌 Hlutf.skipta n	n.v. heildarupphæð					
Gjalddagi:	13	3					
Skráðir vextir:							
lðgjaldaár. ''=Engin breyt	ing.					(	OVR

# Flipinn Stillingar iðgjaldahluta:

**Breyta iðgjaldaforsendum**: Ef breyta á t.d. iðgjaldatímabili, er smellt á þennan hnapp eða ýtt á F6.

Boðið er upp á nokkrar útfærslur er varða iðgjöldin og tímabil þeirra.

Algengasta útfærslan er nr. **1**, iðgjöld eru flutt óbreytt yfir á nýju skilagreinina. Útfærsla nr. **2**, ef nýja skilagreinin á að vera fyrir skemmra eða lengra tímabil en sú eldri, eru iðgjaldaupphæðirnar reiknaðar út hlutfallslega á tímabilið.

Útfærsla nr. **3**, eingöngu eru búnar til iðgjaldafærslur eftir þeim færslum sem

voru innan tímabilsmarka skilagreinarinnar, það er, leiðréttingum vegna eldri tímabila, sem skráð voru með á skilagreinina er sleppt. Í þessari útfærslu er einnig um hlutfallsreikning iðgjalda að ræða.

